

Nd.

15. Frumvarp til laga

um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Flm.: Thor Thors, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Ólafur Thors,
Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar húsa til að hraðfrysta fisk, allt að $\frac{3}{4}$ kostnaðarverðs bygginga og véla.

2. gr.

Til byggingar slíkra hraðfrystihúsa skal veittur úr ríkissjóði styrkur, er nemi $\frac{1}{4}$ kostnaðarverðs.

3. gr.

Hraðfrystihúsin skulu reist í verstöðum, þar sem góð skilyrði eru til að afla fiskjar til hraðfrystingar.

4. gr.

Hlunninda þessara laga geta aðeins notið félög útgerðarmanna og sjómanna, sem stofnuð eru í þessu skyni og eru opin öllum útgerðarmönnum og sjómönnum í þeirri verstöð eða nálægum verstöðum.

5. gr.

Umsóknir um lán og styrk samkvæmt lögum þessum skulu sendast atvinnu-
málaráðuneytinu, og fylgi þeim skilríki fyrir félagsstofnuninni og áætlun um bygg-
ingarkostnað.

6. gr.

Til tryggingar ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. er fyrsti veðréttur í frystihúsinu og vélum þess, ásamt lóð eða lóðarréttindum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svo hljóðandi at-
hugasemdir:

„Margsinnis hefir því verið lýst, bæði á Alþingi og utan þess, hver nauðsyn er á því, að breyta til um framleiðsluhætti á sviði sjávarútvegsins. Um langt skeið hafði saltfiskframleiðslan verið aðalstoð útvegsins. En á síðustu árum hafa komið í ljós stöðugt vaxandi örðugleikar við sölu þeirrar vöru. Veldur þeim einkum stórlega þrengd söluheimild í aðalviðskiptalöndum vorum, en hún á rót sína að rekja til verzlunarsamninga, er byggjast að miklu leyti á kröfunni um gagnkvæm viðskipti. Ennfremur gætir verulega þverrandi greiðslugetu viðskiptaþjóðanna og gjaldeyrisvandræða þeirra. Nú sem stendur er ástandið enn iskyggilegra en áður hefir verið, fyrst og fremst fyrir þá sök, að verzlun er mjög torvelduð við þá þjóð, sem drýgstur kaupandi hefir undanfarið verið að saltfiski vorum. Hin grimmilega borgarastyrjöld, sem nú geisar á Spáni, veldur því, að kaupmáttur þjóðarinnar hefir stórkostlega rýrnað og aðflutningar til landsins eru mjög erfiðir. Enda þótt það verði að vona, að þessum hryllilega hildarleik muni brátt lokið, er það vitað, að spanska þjóðin þarfnast jafnvel áratuga til að ná sér eftir eyðileggingar ófriðarins.

Á Ítalíu er nú svo komið, að þangað getum við aðeins selt gegn kaupum á ítölsk-

um vörum. Er það mjög takmarkað, hver not vör höfum þeirra, og ýmsir telja, að sumar vörutegundir, sem vör höfum flutt inn frá Ítalíu undanfarin ár, séu að gæðum lélegri en það, sem nágrannaþjóðirnar bjóða, en verðið þó hærra. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur því verið tvísýnn hagur af slíkum viðskiptum.

Portúgal er nú eina landið í Suður-Evrópu, er greiðir fiskinn með frjálsum gjaldeyri. En þar er samkeppnin svo hörð og aðstaða vor Íslendinga slík, að því aðeins getum vör náð sölum þar, að verðlag vort sé nokkru lægra en aðalkeppinautanna.

Slík er þá aðstaða vor með sölu saltfisks í þrem aðalviðskiptalöndum vorum, og þótt það verði að vona, að brátt rofi til við það, að alheimsviðskipti færast aftur í frjálstan og farsælan farveg, þá er engu síður rétt og nauðsynlegt að breyta um verkunaraðferð á fiskinum. Þess má nefnilega vænta, að mun hærra verð fáiast fyrir hann, ef fiskurinn er fluttur út sem nýr, því að þá verður hann neyzluvara miklu fleiri en þeirra, er saltfisks neyta, og að jafnaði efnaðri neytenda, er greiða hærra verð fyrir vöruna. En eitt af ráðunum til að koma fiskinum út sem nýjum er að hraðfrysta hann eftir fullkornustu og beztu aðferðum nútímans. Fyrsta sporið í þá átt að ná þessu marki, að skapa verðmeiri og almennari neyzluvöru, er að koma upp húsum til að frysta fiskinn. Þetta er einnig nauðsynlegt til þess að útvegsmönnum notist að fullu af ýmsum fisktegundum, sem eru mun verðmeiri en þorskurinn, en nú verða oft litils virði, fyrir þá sök, að engin tók eru á því að koma þeim óskemmdum til útflutnings.

Það verður heppilegust framkvæmd í þessu máli, að smá frystihús verði reist sem víðast í verstöðunum kringum land. Það er nauðsynlegt, að frystihúsin verði víða, til þess að sem flestir sjómenn og útvegsmenn geti haft afnot þeirra.

Það er vissulega stórt þjóðhagsmál, að sem mest verð fáiast fyrir framleiðslu sjávarútvegsins. Á þeirri vitund er þetta frumvarp byggt. Það er og alkunnugt, að fjárhagur allra sjávarútvegsmanna er nú mjög þröngur og aðstaða þeirra í þjóðfélaginu hin erfiðasta.

Vör flutningsmenn þessa frumvarps teljum, að ríkisvaldinu beri skylda til að veita útvegsmönnum lið í baráttu þeirra fram úr erfiðleikunum, og á frumvarp þetta að vera eitt spor í þá átt. Vör leggjum til, að ríkissjóður láti af mörkum $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðar bygginga og véla frystihúsanna sem óafturkræfan styrk. Vör teljum þetta nauðsynlegt og ennfremur mjög sanngjart, þegar þess er gætt, að með l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, lagði ríkissjóður sambærilegt tillag til frystihúsa til kjötfrystingar.

Þá teljum vör einnig óhjákvæmilegt, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem tekin eru í þessu skyni, og er þar um samskonar hjálp að ræða og ríkið hefir veitt fjölda bæjar- og sveitarfélögum til hafnargerða. En ríkissjóður hlýtur hér fyrsta veðrétt í húsi og vélum.

Vör ætlumst til, að það séu allsherjarfélög sjómanna og útgerðarmanna í hverri verstöð, sem fyrir þessum framkvæmdum standa. Það er skylt að hafa félögin opin öllum útvegsmönnum, en að öðru leyti er félagsmönnum í sjálfsvald sett, hvernig þeir skipa sínum félagsmálum.

Atvinnumálaráðherra ræður því, hversu hröð framkvæmd þessa máls verður. Þar kemur mjög til greina fjárhagsgeta ríkissjóðs og útvegum lánsfjár. En það er von vor flutningsm. og tilgangur, að framkvæmd málsins verði hraðað svo sem frekast er unnt. Það er vitað, að þörfin er mjög rík og áhugi útvegsmanna hinn ákveðnasti.

Þegar frystihús hafa víða verið reist og fullur skriður er kominn á starfrækslu þeirra, þarf að sjá betur fyrir flutningum á hinni hraðfrystu vöru. Það er að sjálf-sögðu hægt að leigja erlend kælliskip til flutninganna, en æskilegast er, að vör séum oss sjálfir nógir í þessu efni sem öðrum. Nú mun vera kællirúm í skipum Eimskipa-félagsins, Gullfossi, Brúarfossi og Dettifossi, sem samtals tekur 1250 smálestir af frystum fiski. Þegar framleiðsla hins hraðfrysta fisks hefir verulega aukizt, verður næsta sporið það, að sjá betur fyrir flutningaþörfinni.

Það má telja víst, að Eimskipafélag Íslands verði fúst til samninga og fram-
laga í þessu skyni. Eimskipafélagið hefir til þessa sýnt fullan skilning á þörfum
atvinnuveganna í þessum efnum, eins og sýndi sig við smíði e/s Brúarfoss og aftur
nú nýlega, er félagið varði um 115 þúsundum króna til að koma upp kælrúmi í
e/s Dettifoss, vegna fiskflutninganna. En einnig gæti komið til greina að semja við
önnur íslensk eimskipafélög um þessar framkvæmdir, eða jafnvel, þegar þörfin hefir
skapazt, að styrkja kaup á sérstöku kælliskipi.

En annar og ekki ómerkari þáttur þessa máls verður að gerast erlendis. Það verður
tafarlaust að leita öruggra markaða og verzlunarsambanda sem viðast úti í heimi,
og dugir ekkert hik í þeim efnum. Þess má vænta, að vinna megi markað fyrir
hraðfrystan fisk mjög víða í Evrópu og einnig í Norður-Ameríku. Framkvæmd
þessarar markaðsleitar og samningagerðir allar í sambandi við þetta mál eru eitt-
hvert hið stærsta hagsmunamál sjávarútvegsins, og nauðsyn knýr til skjótra athafna.“